



Borgarráð

Jólagjöf til starfsfólks Reykjavíkurborgar 2020

Lagt er til að Reykjavíkurborg gefi öllu starfsfólki sínu gjafakort fyrir tvo á sýningar í Borgarleikhúsinu í jólagjöf árið 2020. Heildarkostnaður við jólagjöfina er 56.712.000 kr. og færist af liðnum ófyrirséð.

Greinargerð

Hjá Reykjavíkurborg vinna um 10.000 einstaklingar við margvísleg störf í þágu borgarbúa og sinna þeim af alúð og áhuga. Ein af þeim leiðum sem vinnustaðir hafa til þess að sýna starfsfólki sínu þakklæti í verki er að gefa því jólagjafir. Því er lagt til að borgarráð samþykki að jólagjöf Reykjavíkurborgar árið 2020 til starfsfólks borgarinnar verði gjafakort fyrir tvo á sýningar í Borgarleikhúsinu sem gildi allt árið 2021. Starfsfólk Reykjavíkurborgar hefur fengið samskonar jólagjöf undanfarin þrjú ár og ríkir almenn ánægja með hana.

Borgarleikhúsið er ein af lykil menningarstofnunum Reykjavíkur og býður á hverju ári upp á fjölbreyttar leiksýningar við allra hæfi. Það er því vel viðeigandi að Reykjavíkurborg gefi miða fyrir tvo í Borgarleikhúsið í jólagjöf til starfsfólks og geri slíkt með viðauka við gildandi samning milli Reykjavíkurborgar og Borgarleikhússins.

Gildi jólagjafa er margþætt. Með því sýnir borgin þakklæti sitt til starfsfólks í verki og skapar um leið jákvætt viðhorf starfsmanna og almennt gagnvart vinnustaðnum. Slíkt er mikilvægt, ekki síst á tímum þar sem skortur er á starfsfólki í ýmis störf og hörð samkeppni er um hæft starfsfólk. Kostnaður við jólagjöfina er 56.712.000 kr. og færist af liðnum ófyrirséð.

Gleðileg jól

Dagur B. Eggertsson